

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra

Svar við fyrirspurn um útsvar eftir póstnúmerum síðustu fimm ár

Vísaði er til fyrirspurnar borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflakks Íslands frá 25. ágúst sl. um útsvarstekjur Reykjavíkurborgar síðustu fimm árin eftir póstnúmerum. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Óskað er eftir upplýsingum um hvernig heildarútsvarstekjur Reykjavíkurborgar síðustu fimm árin, skiptast niður eftir póstnúmerum.“

Upplýsingar um útsvarstekjur eftir póstnúmerum eru ekki í gagnagrunnum borgarinnar en Fjármála- og áhættustýringarsvið getur keypt slíkar upplýsingar fyrir hvert skattár hjá Skattinum. Taflan hér fyrir neðan byggir á þeim upplýsingum.

Taflan hér fyrir neðan sýnir skiptingu útsvarstekna árin 2017-2021 eftir póstnúmerum. Hlutföllin eru reiknuð skv. upplýsingum úr álagningarseðlum frá Skattinum. Vakin er athygli á því að nokkuð er um að einstaklingar sem skráðir eru til heimilis í Reykjavík gefi upp rangt póstnúmer, þ.e. ekkert póstnúmer eða póstnúmer sem er ekki í sveitarfélaginu. Skatturinn skoðar ekkert sérstaklega skráningu póstnúmers við álagningu heldur skiptir þá mestu máli að skrá rétt sveitarfélag og því ber að taka skiptingu niður á póstnúmer með þeim fyrirvara. Í gögnunum flokkast partur ekki til neins póstnúmers og er því í flokknum óskilgreint.

Skipting útsvarstekna Reykjavíkurborgar í m.kr. eftir póstnúmerum					
Póstnúmer	2017	2018	2019	2020	2021
Óskilgreint	1.300	1.339	1.729	1.143	935
101	9.565	10.372	10.881	10.610	11.577
102				1.717	2.140
103	1.391	1.604	1.723	2.150	2.406
104	6.073	6.419	6.609	6.941	7.451
105	10.699	11.651	12.217	12.826	13.907
107	5.850	6.322	6.582	6.818	7.139
108	8.670	9.183	9.391	9.727	10.336
109	7.343	7.799	8.127	8.367	8.875
110	7.686	8.219	8.633	8.930	9.588
111	5.210	5.456	5.702	5.872	6.159
112	10.861	11.452	11.790	12.089	12.649
113	4.240	4.628	4.879	5.259	5.694
116	307	335	345	355	359
Alls	79.194	84.779	88.608	92.805	99.216

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs